



## Stofnanasamningur

milli Sameykis – stéttarfélags í almannapjónustu og Landspítala um  
forsendur röðunar starfa.

### 1. Inngangur

Sameyki og Landspítali gera með sér eftirfarandi stofnanasamning um forsendur og röðunar starfa sem tilheyra Sameyki við stofnunina, skv. ákvæðum 11. kafla gildandi kjarasamnings.

### 2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra starfsmanna á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Sameykis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 3. Framkvæmd röðunar og mats

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og ábyrgðar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns.

Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- skilgreininga á störfum samkvæmt starfslýsingum
- reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í greinum 3 og 4 í samningi þessum
- breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Ákvörðun um röðun skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum félagsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

### 4. Röðun starfa í launaflokka

Starfaflokkun og launaröðun starfa er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Vegna breytinga á starfsemi Landspítala geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

### 5. Mat á þáttum er varða starfsmann

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að 2 þrepa vegna formlegrar menntunar, 3 þrepa vegna endur- og símenntunar og 3 flokka vegna starfsreynslu. Að hámarki geta því starfsmenn hækkað um 3 launaflokka og 5 þrep á þessum forsendum, sbr. nánari skýringar í 3. – 5.mgr. þessarar greinar.

Vægi einstakra þátta:

- **Formleg menntun umfram grunnkröfur starfs allt að** Launabrep  
Skipulagt eins til tveggja ára nám sem nýtist í starfi.....1 þrep  
Skipulagt þriggja ára nám eða lengra sem nýtist í starfi .....1 þrep til viðbótar



- **Endur- og símenntun / starfsmenntun allt að** Launabrep  
60 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi .....1 þrep  
120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi .....1 þrep til viðbótar  
200 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi .....1 þrep til viðbótar
- **Starfsreynsla**.....Launaflokkar  
Eftir 1 ár í starfi á LSH ..... 1 lfl.  
Eftir 5 ár í starfi á LSH ..... 1 lfl. til viðbótar  
Eftir 9 ára starfsreynslu sem nýtist í starfi ..... 1 lfl. til viðbótar

Ráðgjafar/stuðningsfulltrúar 1-3 geta að hámarki hækkað um þrjú þrep vegna menntunar sbr. fylgiskjal 1.

Ráðgjafar / stuðningsfulltrúar 4-5 (með BA/BS). Röðun þeirra innifelur kröfur um nám. Þeir hækka því ekki umfram röðun starfs á forsendum formlegrar menntunar, endur- og símenntunar eða starfsmenntunar sbr. fylgiskjal 1.

Faghópar og lögbundin starfsheiti sbr. fylgiskjal 1, bls. 7-8, hækka ekki vegna starfsreynslu samkvæmt reglum þessarar greinar heldur samkvæmt sérstökum röðunarreglum þeirra hópa. Sama á við um röðun launafulltrúa.

Faghópar og lögbundin starfsheiti sbr. fylgiskjal 1, bls. 7-8, hækka ekki vegna menntunar (endur- og símenntunar og formlegrar menntunar) nema að um sé að ræða viðbótarmenntun sem er umfram menntunarkröfur starfsins og kröfur sem gerðar eru til að öðlast starfsleyfi sem krafist er í starfinu.

## 6. Næturvinnna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi (þ.e. næturvakt sem unnin er á tímabilinu 23:00 til 08:30) skal þess sérstaklega getið í starfslýsingu og ráðningarsamningi við viðkomandi starfsmann.

Ef gert er ráð fyrir að a.m.k. 50% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur tveimur þrepum.

Sé hins vegar gert er ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðist álag sem nemur þremur þrepum.

## 7. Annað

Heimilt er stofnun að meta til viðbótar við röðun starfsheita samkvæmt fylgiskjali 1 eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tilliti til þeirra í grunnröðun:

- hvort starfið teljist umfangsmikið/fjölþætt.....1 þrep
- hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð.....1 þrep
- hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni.....1 þrep
- hvort krafist sé sérst. hæfni umfram það sem alm. gerist .....1 þrep
- hvort starfið feli í sér áhættu umfram það sem alm. gerist .....1 þrep

Ennfremur er heimilt að taka mið af öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun, vegna persónubundinna þátta o.fl., ofan á grunnlaunatölu launaflokks sem er umfram átta þrep færist í næstu jafnháu eða hærri launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.



## 8. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

## 9. Endurskoðun

Endurskoðað skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings Sameykis og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

## 10. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2025.

Reykjavík, 12. september 2025

F.h. Landspítala

F.h. Sameykis – stéttarfélags í almannapjónustu



## Fylgiskjal 1

### með stofnanasamningi Sameykis og Landspítala

| Starfaflokkun                       | Röðun | Skýring                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
|-------------------------------------|-------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Kerfisfræðingur 1.....              | 120   | Starfsmaður í þjónustumiðstöð RL á HUT                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| Kerfisfræðingur 2.....              | 150   | Starfsmaður í tæknirekstri RL á HUT                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Kerfisfræðingur 3.....              | 180   | Hópstjóri í rekstrarlausnum á HUT                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| Launafulltrúi 1 .....               | 101   | Starfar samkv. starfslýsingu LSH                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Launafulltrúi 2 .....               | 121   | eftir 2 ár í starfi sem slíkur á LSH                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Launafulltrúi 3 .....               | 151   | eftir 4 ár í starfi sem slíkur á LSH                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Launafulltrúi 4 .....               | 181   | eftir 6 ár í starfi sem slíkur á LSH                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| Jafningi 1.....                     | 050   | Nýliði / í þjálfun                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Jafningi 2.....                     | 060   | Alm. starf notendafulltrúa/ jafningja. Í starfinu felst m.a. að vera aðstoðarmaður í hópastarfi, sjá um kvöldvökur o.fl. samkvæmt nánari verklýsingu á deild.                                                                                                                                                            |
| Jafningi 3.....                     | 070   | Sér um fasta fræðslu, stjórnar hópastarfi, býr til meðferðar- og virkniáætlun, er sérstakur aðstoðarmaður verkefnastjóra o.fl. þess háttar. Starfsmaður verður almennt ekki talinn geta sinnt slíku starfi fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára reynslu sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt starfs-/verklýsingu á deild. |
| Jafningi 4.....                     | 140   | Skilyrði er að starfsm. sé með BA/BS-próf sem nýtist í viðkomandi starfi, sbr. fylgiskjal 2.                                                                                                                                                                                                                             |
| Jafningi 5.....                     | 160   | Skilyrði er að starfsm. sé með BA/BS-próf sem nýtist í viðkomandi starfi, sbr. fylgiskjal 2. Kröfur um reynslu og sérþekkingu samkvæmt nánari ákvörðun. Starfsmaður verður almennt ekki talinn geta sinnt slíku starfi fyrr en eftir eins til þriggja ára reynslu sem nýtist í viðkomandi starfi.                        |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 1       | 050   | Nýliði / í þjálfun                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 2 ..... | 060   | Alm. starf ráðgjafa / stuðningsfulltrúa. Í starfinu felst m.a. að vera aðstoðarmaður í hópastarfi, sjá um kvöldvökur o.fl. samkvæmt nánari verklýsingu á deild.                                                                                                                                                          |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 3 ..... | 070   | Sér um fasta fræðslu, stjórnar hópastarfi, býr til meðferðar- og virkniáætlun, er sérstakur aðstoðarmaður verkefnastjóra o.fl. þess háttar. Starfsmaður verður almennt ekki talinn geta sinnt slíku starfi fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára reynslu sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt starfs-/verklýsingu á deild. |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 4 ..... | 140   | Skilyrði er að starfsm. sé með BA/BS-próf sem nýtist í viðkomandi starfi, sbr. fylgiskjal 2.                                                                                                                                                                                                                             |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 5 ..... | 160   | Skilyrði er að starfsm. sé með BA/BS-próf sem nýtist í viðkomandi starfi, sbr. fylgiskjal 2. Kröfur um reynslu og sérþekkingu samkvæmt nánari ákvörðun. Starfsmaður verður almennt ekki talinn geta sinnt slíku starfi fyrr en eftir eins til þriggja ára reynslu sem nýtist í viðkomandi starfi.                        |

**Viðbót 10.9.2025 (gildir frá 01.10.2024):**

Starfsmenn sem eru í **varnarteymi á geðdeildum** LSH samkvæmt ákvörðun raðast tveimur þrepum ofar en ella. Launaauki þessi fellur niður þegar starfsmaður hættir í varnarteyminu.

|                               |     |                                                                                                                                                    |
|-------------------------------|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Ræstingastjóri.....           | 070 | Ræstingastjóri                                                                                                                                     |
| Sérhæfður starfsmaður 1 ..... | 050 | Aðstoðarmaður í þjálfun og þjónustu, og tæknimaður 1.                                                                                              |
| Sérhæfður starfsmaður 2 ..... | 060 | Rannsóknarmaður 1 og 2 (almenn störf), matráðsmaður 1 og 2 (almenn störf), starfsmenn í sjúklingaflutningum og tæknimaður 2.                       |
| Sérhæfður starfsmaður 3 ..... | 070 | Birgðavörður, matráðsmaður 3 (sér alfarið um ákveðin verkefni), rannsóknarmaður 3 (með reynslu og sinnir fjölbreyttari verkefnum) og tæknimaður 3. |
| Sérhæfður starfsmaður 4 ..... | 080 | Rannsóknarmaður 4 – 5 (Reynsla og umsjón verkefna /starfsmaður í „ætagerð“) og tæknimaður 4.                                                       |

**Viðbót 29.01.2008:**

**Sérhæfðir starfsmenn á rannsóknarstofum og myndgreiningu** raðast einum launaflokki hærra í grunnröðun en aðrir sérhæfðir starfsmenn (skv. ákvörðun samstarfsnefndar 29.01.2008)

|                                  |     |                                                                                                                                                                         |
|----------------------------------|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skrifstofumaður 2.....           | 050 | Almenn skrifstofustörf. Fulltrúi í hjúkrunarritara-, læknaritara- og móttökuritarastarfi. (áður skrifstofumaður b og - 3)                                               |
| Skrifstofumaður 3.....           | 070 | Þyngri/fjölbreyttari skrifstofustörf. (áður skrifstofumaður c og - 4 til 8)                                                                                             |
| Skrifstofumaður 4.....           | 080 | Sérhæfð skrifstofustörf, reynsla eða fjölbreyttari verkefni (áður skrifstofumaður d og skrifstofumaður 9 til 10)                                                        |
| Skrifstofumaður 5.....           | 100 | Sérhæfð skrifstofustörf þar sem starfsmaður, starfar sjálfstætt og sér alfarið um ákveðin verkefni (áður skrifstofumaður e)                                             |
| Skrifstofumaður 6.....           | 130 | Sérhæfð skrifstofustörf þar sem starfsmaður, starfar sjálfstætt og sér alfarið um ákveðin þyngri verkefni samkvæmt starfslýsingu og með a.m.k. 10 ára reynslu í starfi. |
| Skrifstofustjóri á sviði .....   | 140 | Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðs                                                                                                                                     |
| Starfsmaður í umönnun.....       | 050 | Aðstoðarmaður í aðhlynningu                                                                                                                                             |
| Verkefnastjóri / hópstjóri ..... | 070 | Starfar samkvæmt sérstakri starfslýsingu verkefnastjóra / hópstjóra á geðsviði LSH.                                                                                     |
| Verkefnastjóri í ræstingu.....   | 110 | Verkefnastjóri í ræstingu                                                                                                                                               |
| Verkstjóri .....                 | 070 | Verkstjóri.þjónusta / hópstjóri                                                                                                                                         |
| Öryggisvörður.....               | 080 | Öryggisvörður samkvæmt starfslýsingu                                                                                                                                    |



## Faghópar og lögbundin starfsheiti

| <u>Starfaflokkun</u>                                                                                                                                        | <u>Röðun</u> | <u>Skýring</u>                                                                                    |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Áfengis- og vímuvarnarráðgjafi 1 .....                                                                                                                      | 110          | Sérst. starfslýsing - réttindi sbr reglug. nr. 1106/2012                                          |
| Áfengis- og vímuvarnarráðgjafi 2 .....                                                                                                                      | 120          | eftir 1 ár í starfi                                                                               |
| Áfengis- og vímuvarnarráðgjafi 3 .....                                                                                                                      | 130          | eftir 3 ár í starfi                                                                               |
| Félagsliði 1 .....                                                                                                                                          | 120          | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi                                                               |
| Félagsliði 2 .....                                                                                                                                          | 130          | eftir 1 ár í starfi                                                                               |
| Félagsliði 3 .....                                                                                                                                          | 140          | eftir 3 ár í starfi                                                                               |
| Félagsliði 4 .....                                                                                                                                          | 150          | eftir 5 ár í starfi                                                                               |
| Fótaaðgerðafræðingur 1 .....                                                                                                                                | 110          | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi                                                               |
| Fótaaðgerðafræðingur 2 .....                                                                                                                                | 130          | eftir 1 ár í starfi                                                                               |
| Fótaaðgerðafræðingur 3 .....                                                                                                                                | 150          | eftir 5 ár í starfi                                                                               |
| Fótaaðgerðafræðingur 4 .....                                                                                                                                | 170          | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |
| Fótaaðgerðafræðingur 5 .....                                                                                                                                | 180          | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |
| Heilbrigðisritari 1 .....                                                                                                                                   | 110          | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi                                                               |
| Heilbrigðisritari 2 .....                                                                                                                                   | 120          | eftir 1 ár í starfi                                                                               |
| Heilbrigðisritari 3 .....                                                                                                                                   | 130          | eftir 3 ár í starfi                                                                               |
| Heilbrigðisritari 4 .....                                                                                                                                   | 150          | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |
| Heilbrigðisgagnafræðingur 1 .....                                                                                                                           | 110          | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi                                                               |
| Heilbrigðisgagnafræðingur 2 .....                                                                                                                           | 120          | eftir 1 ár í starfi                                                                               |
| Heilbrigðisgagnafræðingur 3 .....                                                                                                                           | 130          | eftir 5 ár í starfi                                                                               |
| Heilbrigðisgagnafræðingur 4 .....                                                                                                                           | 140          | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |
| Heilbrigðisgagnafræðingur 5 .....                                                                                                                           | 160          | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |
| Heilbrigðisgagnafræðingar sem lokið hafa 90 ECTS eininga námi heilbrigðisgagnafræðinga á háskólastigi fá þá menntun metna til tveggja launaflokka hækkunar. |              |                                                                                                   |
| Lyfjatræknir 1 .....                                                                                                                                        | 120          | byrjunarlaun                                                                                      |
| Lyfjatræknir 2 .....                                                                                                                                        | 130          | eftir 1 ár í starfi                                                                               |
| Lyfjatræknir 3 .....                                                                                                                                        | 150          | eftir 5 ár í starfi                                                                               |
| Lyfjatræknir 4 .....                                                                                                                                        | 170          | stýrir ákveðnu verkefni                                                                           |
| Lyfjatræknir 5 .....                                                                                                                                        | 180          | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |

### Viðbót 18.11.2013 (gildir frá 01.01.2013):

Lyfjatræknar sem lokið hafa námi sem **sjúkrahúslyfjatræknar** raðast tveimur launaprepum\* ofar en ella.

\*breytt úr launaflokkum í þrep við vörpun í nýja launatöflu 01.06.2017

|                     |     |                                     |
|---------------------|-----|-------------------------------------|
| Matartæknir 1 ..... | 120 | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi |
| Matartæknir 2 ..... | 130 | eftir 1 ár í starfi                 |
| Matartæknir 3 ..... | 140 | eftir 3 ár í starfi                 |
| Matartæknir 4 ..... | 150 | með verkstjórn/eftir 5 ár í starfi  |



| <u>Starfaflokkun</u>       | <u>Röðun</u> | <u>Skýring</u>                                                                                             |
|----------------------------|--------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Matreiðslumaður.....       | 150          | matreiðslusveinn                                                                                           |
| Matreiðslumeistari 1 ..... | 180          | matreiðslumeistari                                                                                         |
| Matreiðslumeistari 2 ..... | 230          | matreiðslumeistari með verkstjórn                                                                          |
| Sóttthreinsitæknir 1.....  | 110          | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi                                                                        |
| Sóttthreinsitæknir 2.....  | 120          | eftir 1 ár í starfi                                                                                        |
| Sóttthreinsitæknir 3.....  | 130          | eftir 3 ár í starfi                                                                                        |
| Vélfræðingur 1.....        | 170          | byrjunarlaun                                                                                               |
| Vélfræðingur 2.....        | 180          | eftir 1 ár í starfi                                                                                        |
| Vélfræðingur 3.....        | 200          | með deildarstjórn                                                                                          |
| Rekstrarstjóri .....       | xxx          | starfa skv. sérstakri starfslýsingu og tekið er mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunar |
| Þjónustutæknir 1 .....     | 100          | byrjunarlaun, 0-12 mánuðir í starfi                                                                        |
| Þjónustutæknir 2 .....     | 110          | eftir 1 ár í starfi                                                                                        |
| Þjónustutæknir 3 .....     | 120          | eftir 3 ár í starfi                                                                                        |

Aðilar eru sammála um að enginn sem öðlast hefur að lágmarki sex mánaða reynslu í starfi á LSH taki laun undir launaflokki 060.



## Fylgiskjal 2

með stofnanasamningi Sameykis og LSH

Mat á menntun ráðgjafa / stuðningsfulltrúa

---

**1. Háskólanám ráðgjafa / stuðningsfulltrúa 4-5 (með BA eða BS)**

Háskólamenntun sem er a.m.k. 180 ECTS (BA eða BS gráða) af heilbrigðisvísindasviði, félagsvísindasviði, menntavísindasviði eða hugvísindasviði sem nýtist í starfi er forsenda röðunar í starf ráðgjafa / stuðningsfulltrúa 4-5.

**2. Háskólamenntun ráðgjafa / stuðningsfulltrúa 1-3**

Önnur háskólamenntun, a.m.k. 180 ECTS (BA eða BS gráða) sem nýtist í starfi, og sem ekki fellur undir lið 1 hér að ofan telst vera formleg menntun umfram grunnkröfur starfs ráðgjafa og stuðningsfulltrúa 1-3 og skal metin skv. 4. grein stofnanasamnings.



## Undirritunarsíða

f.h. Landspítala  
Atli Atlason

f.h. Landspítala  
Gunnar Helgason

f.h. Sameykis  
Kári Sigurðsson

f.h. Sameykis  
Ingólfur Björgvin Jónsson